

Göngu- og gleðivika fyrir alla fjölskylduna



Á fætur í Fjarðabyggð

24. júní - 1. júlí 2023

Dagskrá gönguvikunnar

Sunnudagur 25. júní

Laugardagur 24. júní

1 Kl. 10:00

Göngu og bátsferð á Barðsneshorn
Mæting við Safnahúsið (rautt hús) í Miðbæ
Neskaupstaðar þaðan sem bátur flytur fólk að Barðsnesi.



1. Gengið frá Barðsnesbænum og út með Rauðubjörgum og yfir á Mónes. Steingervinga í fjörunni leitað. Gengið út á Barðsneshorn og þaðan inn á Barðsnes, ca.15 km. Leiðsögumaður Sævar Guðjónsson s: 698 6980.

2. Gengið frá Barðsnesbænum og út í Mónesskarð. Þaðan að Rauðubjörgum og inn að Barðsnesi aftur. Rólegheita ganga. Fararstjóri: Sigurborg Hákonardóttir s: 893 1583.

3. Gengið frá Barðsnesi upp í Síðuskarð og þaðan á fjallið Sandfell. Ef tími er til verður gengið út brúnina út að Skollaskarði. Glæsilegt útsýni er á þessari leið. Fararstjóri: Kristinn Þorsteinsson s: 864 7694.

Báturinn tekin til baka um kl. 18:00. Verð kr. 6.000.- 3.000.- fyrir **16 ára og yngri**. (bátsferð innifalin í verðinu og verða börn að vera í fylgd með fullorðnum).

Nauðsynlegt er að skrá sig í þessar ferðir hjá Sævari Guðjónssyni, s: 698 6980 eða mjoeyri@mjoeyri.is, fyrir kl. 12.00 föstudaginn 23. júní.

Kl. 21:00

Kvöldvaka í Randulffs-sjöhúsi Eskifirði.
Lifandi tónlist.
Frítt inn í boði Laxa.

2 Kl. 10:00



Gönguferð frá Gilsá í Fáskrúðsfirði að Berunesi í Reyðarfirði
Mæting kl 9:30 á bílastæðinu við Selá utan við Berunesbæinn
við sunnanverðan Reyðarfjörð þar sem ferðin endar.

Sameinast í bíla frá bílastæðinu við Berunes og ekið að Gilsá í Fáskrúðsfirði þar sem gangangan byrjar. Gengið upp með Gilsá meðfram Örnólfsfjalli í Örnólfskarð. Þaðan svo gengið yfir Grákoll að Kerlingu við Kerlingarfjall. Að því búnu um Skildingaskarð og út á Hafranesfell og niður að Berunesi. Fararstjóri Kristinn Þorsteinsson s: 864 7694. Verð krónur 3.000.-

3 Kl.17.00

Gönguferð frá Grímu að Eyri í sunnanverðum Reyðarfirði.
Mæting við afleggjarann að Grímuvíta.

Gengið frá vitanum með ströndinni að eyðibýlinu Eyri. Vitinn, vogar og víkur skoðaðar á leiðinni. Fararstjóri Stefán B. Ingvarsson, s: 899 1137. Verð kr. 1.000.-

18.00

Kvöldvaka við Eyri í Reyðarfirði.

Lifandi tónlist og veitingar í boði Egersund Ísland

Allar gönguferðirnar eru tölusettar og á kortinu í miðopnu bæklingisins er upphafsstaður ferðanna merktur ásamt helstu stöðum er tengjast gönguvikunni.

Mánudagur 26. júní

4 Kl. 10:00

Hólafljall í Norðfirði 1002 m

(eitt af fjöllunum fimm í gönguvíkunni)

Mæting við bæinn Seldal í samnefndum dal.

Gengið frá bænum um Selheiði á fjallið. Ægífagurt útsýni yfir Seldal, Fannardal og Norðfjörð.

Fararstjóri. Kristinn Þorsteinsson, s. 864 7694.

Verð kr. 3.000.-



5 Kl. 18.00

Fjölskylduganga út í Páskahelli utan við vitann

í Neskaupstað (göngugarpaferð)

Mæting á bílastæðinu ofan við vitann í Neskaupstað.

Gengið út Hagann að Páskahelli og hann skoðaður, sama leið gengin til baka. Mögnuð náttúruvegur er í fólkvanginum.

Fararstjóri Benedikt Sigurjónsson, s. 895 1664.

Verð kr. 1.000.-

Kl. 20.00

Kvöldvaka í Seldal.

Lifandi tónlist og veitingar á vegum Ferðafélags Fjarðamanna, kvöldvakan er í boði Síldarvinnslunnar.

Fyrir unga göngugarpa:

Frítt er fyrir 16 ára og yngri í gönguvíkuna, nema annað sé tekið fram, en skilyrði er að börn séu í fylgd með fullorðnum. Börn 12 ára og yngri geta hlotið nafnbótina **Göngugarpur Gönguvikunnar** með því að fara í allar fjölskyldugöngurnar sem eru á virku dögnum í gönguvíkunni og fá viðurkenningu á lokakvöldvökunni. Unglingar 15 ára og yngri þurfa aðeins þrjú fjöll til að hljóta nafnbótina **Fjallagarpur Gönguvikunnar** í fimm fjalla leiknum og fá viðurkenningu á lokakvöldvökunni.

Þriðjudagur 27. júní

6 Kl. 10:00

Goðaborg í Fáskrúðsfirði 1030 m

(eitt af fjöllunum fimm í gönguvíkunni)

Mæting á bílastæðinu við Dali í Fáskrúðsfirði sunnan við Fáskrúðsfjarðargöng.

Gengið frá bílastæðinu að Hrossadalsá, upp með henni og upp í Vatnsdal þaðan sem gengið er á fjallið. Flott útsýni yfir Fáskrúðsfjörð og Reyðarfjörð.

Fararstjóri. Kristinn Þorsteinsson, s: 864 7694.

Verð kr. 3.000.-



7 Kl. 18.00

Fjölskylduganga upp með Eyrary á Fáskrúðsfirði

(göngugarpaferð)

Mæting við bæinn Eyri við sunnanverðan Fáskrúðsfjörð.

Gengið upp með Eyrarynni og m.a. gömul heimarafstöð í ánni skoðuð.

Fararstjóri Eypór Friðbergsson, s: 865 2327.

Verð krónur 1.000.-

Kl. 20.00

Kvöldvaka í Norðurljósahúsinu á Fáskrúðsfirði.

Lifandi tónlist og veitingar.

Kvöldvakan er í umsjá Gönguklúbbs Suðurfarða og í boði Loðnuvinnslunnar.



Náttúrfræðinámskeið

fyrir 8-10 ára á vegum Náttúrustofu Austurlands og Ferðapjónustunnar Mjóeyri verður alla virku dagana eða 26.-30. júní frá kl. 9.30 – 12.30. Námskeiðið fer fram á Mjóeyri og nágrenni. Skemmtilegt og fræðandi námskeið. Börn göngugarpa hafa forgang að námskeiðinu. Börnin fá viðurkenningu fyrir þátttökuna á lokakvöldvökunni. Skráning er hjá Náttúrustofu Austurlands í síma 477-1774 eða á na@na.is



*Fjarðabyggð
þú ert á góðum stað*

Hvert sem leiðin liggur um Austurland er ferð til Fjarðabyggðar hverrar mínútu virði. Kynntu þér fjölbreytta möguleika svæðisins í ferðabjónustu og afþreyingu og njóttu Fjarðabyggðar í allri sinni dýrd í sumar.



FJARÐABYGGÐ

Sjáumst í Fjarðabyggð í sumar!



amazing museums in fjordabyggð fullt af frábærum söfnum í fjarðabyggð



■ **Sjóminjasafn Austurlands**
The East Iceland Maritime Museum, Eskifirði



■ **Safnahúsið í Neskaupstað**
The Museum House in Neskaupstaður



■ **Náttúrugripasafn Austurlands**
The East Iceland Museum of Natural History in Neskaupstaður



■ **Málverkasafn Tryggva Ólafssonar**
Tryggi Ólafsson Art Collection, Neskaupstaður



■ **Frakkar á Íslandsmiðum**
French Fishermen in Iceland, Fáskrúðsfirði



Skannaðu QR kóðann fyrir frekari upplýsingar
Scan the QR code for more information



FJARÐABYGGÐ

AUSTURLAND

Veitingastaðurinn Sjóhúsið
Randulffs-sjóhúsi

Safn og gallerí

Eldhúsið opið frá 12:00 - 21:00 og húsið til 23:00 frá og með 1. júní - 31. ágúst. Einnig opið eftir samkomulagi.

Einstök upplifun!

Strandgata 96, 735 Eskifjörður
Tel. (+354) 477 1247 / (+354) 893 6756
mjoeyri@mjoeyri.is / www.mjoeyri.is

Komdu út að leika!

Gisting
Gönguferðir
Hvataferðir

Óvissuferðir
Ratleikir
og eira

Ferðabjónustan Mjoevri

Strandgata 120 • 735 Eskifjörður
Tel.: (+354) 477-1247 / (+354) 698-6980
mjoeyri@mjoeyri.is • www.mjoeyri.is

STYRKTAÐILAR:



Miðvikudagur 28. júní

8 Kl. 10:00

Steðji í Stöðvarfirði 772 m

(eitt af fjöllumum fimm í Gönguvíkunni)

Mæting utan við þéttbýlið í Stöðvarfirði.

Gengið upp frá tjaldstæðinu og upp undir Lambaskarð og þaðan út á fjallið.

Fararstjóri Kristinn Þorsteinsson, s: 864 7694.

Verð krónur 3.000.-



9 Kl. 18.00

Fjölskylduganga niður með Hellisá Eskifirði (göngugarpaferð)

Mæting við skíðaskálann í Oddsskarði.

Gengið frá skíðaskálanum og niður Sellátradal að Vegahnjúk.

Síðan gengið niður með gilinu að Hellisárfossi (Óskafossi) og farið á bak við hann.

Fararstjóri Kamma D. Gísladóttir, s: 847 1690.

Verð krónur 1.000.-



Kl. 19.00

Kvöldvaka í gömlu réttinni í gilinu við Hellisá.

Lifandi tónlist og veitingar, í boði Ferðapjónustunnar Mjóeyri.

Hægt er að kaupa Gönguvíkukort sem veitir aðgang að öllum viðburðum gönguvíkkunnar. Kortið fæst hjá Ferðapjónustunni Mjóeyri, Randulffs-sjóhúsi og hjá fararstjórum göngu- og gleðivíkkunnar. **Kortið kostar 20.000 kr.**

Hægt er að kaupa göngukort Ferðafélags Fjarðamanna og Göngufélags Suðurfjarða á eftirtöldum stöðum:

Neskaupstaður: Fjarðasport

Eskifjörður: Randulffs-sjóhús og Ferðapjónustan Mjóeyri.

Reyðarfjörður: Veiðiflugan

Einnig er hægt að fá göngukort hjá skálaverði í Vöðlavík.

Fimmtudagur 29. júní

10 Kl. 10:00

Kistufell í Reyðarfirði 1239 m

(eitt af fjöllumum fimm í Gönguvíkunni)

Mæting við bæinn Áreyjar í Reyðarfirði.

Gengið frá bænum og upp Hjálpleysudal upp á varpið, þaðan sem gengið er á tindinn.

Fararstjóri Kristinn Þorsteinsson, s: 864 7694.

Verð kr. 3000.-



11 Kl. 18.00

Kollaleiruháls (göngugarpaferð)

Mæting við Stríðsárasafnið á Reyðarfirði.

Gengið upp með Búðará og Búðarárfoss skoðaður. Farið yfir ána fyrir ofan fossinn (fólk ferjað yfir) og gengið yfir Kollaleiruháls og niður með Njörvadalsá. Gangan endar svo við gólfskálann. Bílar sóttir að stríðsárasafninu.

Fararstjóri Þóroddur Helgason, s: 860 8331.

Verð kr. 1.000.-

Kl. 20.00

Kvöldvaka við gólfskálann á Reyðarfirði.

Lifandi tónlist og veitingar í boði Landsbankans.

Sundlaugar í Fjarðabyggð:

Norðfjörður: Útilaug með vatnsrennibrautum, pottum, gufubaði, líkamsræktarstöð og frábærri sólbaðsaðstöðu. Opið virka daga frá 07:00 -21:00 og um helgar frá 10:00 -18:00.

Eskifjörður: Útilaug með vatnsrennibrautum, heitum pottum, gufubaði og líkamsræktarstöð. Opið virka daga frá 07:00 -21:00 og um helgar frá 10:00 -18:00.

Stöðvarfjörður: Lítil útilaug með heitum potti, opin virka daga frá 13:00-19:00, á laugardögum frá 13:00-17:00 og á sunnudögum frá 13:00-17:00.

Breiðdalsvík: Lítil útilaug með heitum potti. Opið virka daga frá 14:00 - 20:00 og frá 13:00 - 17:00 um helgar.

Föstudagur 30. júní

12 Kl. 10:00

Goðatindur 912 m

(eitt af fjöllum fimm í gönguvíkunni)

Mæting við skíðaskálann í Oddsskarði.

Hátíðleg stund í lokin, þar sem verið er að klára fjöllin fimm í gönguvíkunni.

Fararstjóri: Kristinn Þorsteinsson, s: 864 7694.

Verð kr. 3.000.-



13 Kl. 14.00

Fjölskyldu fjallganga á Sellátratind (göngugarpaferð)

Mæting við skíðaskálann í Oddsskarði.

Gengið frá skíðaskálanum og upp Sellátradal og þaðan út á tindinn.

Þetta er jafnframt síðasta gangan í göngugarpaleik gönguvíkunnar.

Fararstjóri Sædís Eva Birgisdóttir, s: 846 1783.

Verð kr. 1.000.-



Kl. 20.00

Sjóræningjakvöldvaka á Mjóeyri við Eskifjörð.

Lifandi tónlist, varðeldur, fjársjóðsleit og fleira skemmtilegt fyrir krakka á öllum aldri.

Aðgangur ókeypis í boði Laxa.



Gönguvíkufjöllin fimm eru:

Hólafjall í Norðfirði 1002 m

Goðaborg í Fáskrúðsfirði 1030 m

Steðji í Stöðvarfirði 772 m

Kistufell í Reyðarfirði 1239 m

Goðatindur í Oddsskarði 912 m

Þeir sem klára fjöllin fimm fá viðurkenninguna

Fjallagarpur Gönguvíkunnar 2023.

Laugardagur 1. júlí

14 Kl. 10:00

Víkurheiði- Vöðlavík, u.þ.b 15 km

Mæting á Mjóeyri við Eskifjörð kl 9:30 þar sem sameinast er í bíla.

Gengið frá Víkurheiði og út í Sléttuskarð. Þaðan meðfram Álffjalli og Hestshaus að Svartafjalli. Hægt er að ganga út á fjallið þaðan sem er glæsilegt útsýni yfir Vöðlavík. Áfram er gengið meðfram Snæfugli og yfir Sauðatind að Sauðavöllum. Að lokum er gengið að Kirkjubóli Vöðlavík þar sem bílar sækja göngugarpa.

Léttar veitingar að Karlstöðum, skála Ferðafélags fjarðamanna, í Vöðlavík í lok ferðar.

Leiðsögumaður: Sævar Guðjónsson, s: 698 6980.

Verð kr. 3.000.-



15 kl 13:00

Fjölskylduganga frá Kirkjubóli í Vöðlavík og út á Krossanes.

Mæting við eyðibýlið Kirkjuból í Vöðlavík (4x4)

Gengið frá Kirkjubóli að Kirkjubólshöfn og um Kirkjubólsskriður út að bæjarrústunum á Krossanesi og svo sömu leið til baka.

Léttar veitingar að Karlstöðum, skála Ferðafélags fjarðamanna, í Vöðlavík í lok ferðar í boði Ferðafélags Fjarðamanna.

Fararstjóri Elías Jónsson, s: 844 8570.

Verð kr. 1.000.-

Kl. 20:00

Lokakvöldvaka á Mjóeyri

Útisvið, lifandi tónlist, varðeldur, veitingar og veittar viðurkenningar Gönguvíkunnar og Náttúruskólans.

Aðgangur ókeypis í boði Eskju.

Kl. 22.00 – 01.00

Sjöhúspartí á Randulffs-sjöhúsi.

18 ára aldurstakmark.

Frítt inn í boði Randulffs-sjöhúss.





**Fyrir gönguna:
Skór, sokkar, stafir, bakpokar og úrval af
fatnaði fyrir margs konar veður.**

Tilboð í gönguvíkunni!

[Veidiflugan.is](https://veidiflugan.is)

Veidiflugan
Molanum Reyðarfirði
Sími 474 1400

...í hjarta Þrusturlands



Fjarðaspor



Neskaupstað Sími 477 1133